

Haustglæður 2015 – Ljóðasamkeppni

Vinningsljóð

Hönd guðs

Allt sem ég sé er myrkur,
myrkur sem ég er að venjast.

En allt í einu sé ég skært ljós.
Þetta ljós er hönd.
Hún teygir sig að mér,
eins og hún vilji sýna mér eitthvað.

Ég rétti hönd mína út
og þegar ég gríp í höndina
þá finn ég ljósið skæra.

Svo verður allt hvítt.
Eins og snjór allt í kringum mig.

Ég er komin heim.

Höf: Celina Aleksandra 8. bekk

Ef ég held nógu fast

Ef ég held nógu fast
í hönd þína
ferðu samt
þegar sólin vaknar?

Kannski,
ef ég lími tunglið
á stjörnubjartan himininn
leiði ég þig
alltaf
og þú ferð
aldrei.

Höf: Eva María 9. bekk

Fiðrildakossar

Kossar
eru eins og fiðrildi.

Þegar maður nær að fanga fiðrildið
í hendi sinni
og skoða fallegu mynstruðu vængina
fær maður unaðstilfinningu.

Svo er maður sleppir fiðrildinu
og það flýgur á brott
kemur tilfinningaflóð.

Höf: Helga Dís Magnúsdóttir 10. bekk

Borgir falla, krossar rísa

Eldar kvikna,
öskur dýnja,
hleypt er af byssum,
öskrin þagna.

Eldar deyja

Þögn.

Borgir falla,
krossar rísa.

Höf: Elín Helga Þórarinsdóttir 10. bekk